

# Erindisbréf

## fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar

*Umboð*

1. gr.

Fjölskyldunefnd Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

*Verksvið*

2. gr.

Nefndin skal móta stefnu bæjarins í velferðarþjónustu s.s. barnaverndarþjónustu, félagsþjónustu, málefnum fatlaðs fólks, eldra fólks sem og í jafnréttismálum. Þá mótar hún stefnu bæjarins í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmálum ásamt því að stuðla að virku íþrótt- og æskulýðsstarfi og tómstundastarfi. Jafnframt að móta stefnu bæjarins í fræðslu- og menntamálum. Hún vinnur að samhæfingu skólastarfs í Fjarðabyggð. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

*Verkefni*

3. gr.

Fjölskyldunefnd fer með eftirtalin verkefni:

### 1. Félags- og húsnæðismál

- Verkefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir r nr. 38/2018.
- Stjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu í Fjarðabyggð. Vinnur tillögur til bæjarráðs um starfsreglur fjölskyldusviðs.
- Verkefni samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og lögum um húsaleigubætur nr. 75/2016 með síðari breytingum.
- Hefur umsjón með daggæslu barna í heimahúsum og mótar stefnu á því sviði með hliðsjón af stefnu í leikskólamálum Fjarðabyggðar.

### 2. Öldrunar- og heilbrigðismál

- Stefnumörkun um öldrunarþjónustu í Fjarðabyggð.
- Verkefni öldungaráðs sbr. 6. – 8. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum.
- Samstarf við önnur sveitarfélög og samstarfsaðila svo sem ráðuneyti og stofnanir ríkisins varðandi málefni eldra fólks og heilbrigðisstofnanir.



- Ábyrgð á samstarfi við frjáls félagasamtök vegna félagslegs starfs eldra fólks og annarri þjónustustarfsemi bæjarfélagsins í þágu eldra fólks.
- Umsjón með gerð og framkvæmd samstarfs- og rekstrarsamninga á verksviði nefndarinnar s.s. vegna dvalar- og hjúkrunarheimila og félagsþjónustu eldra fólks.

### **3. Jafnréttismál**

- Stefnumörkun í jafnréttismálum og eftirfylgni markmiða í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Eftirlit með samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá sveitarféluginu.
- Umsjón með gerð jafnréttisáætlunar svcitarfélagsins, sem skal endurskoðuð og lögð fyrir sveitarstjórn á fyrsta ári cftir svcitarstjórnarkosningar.

### **4. Forvarnarmál**

- Ábyrgð á forvarnarstarfi í samráði við aðra málaflokka og yfirvöld sem fara með slík mál, s.s. hcilbrigðisyfirlögd, íþróttar og frístundamál, skóla og löggreglu.
- Ábyrgð á rekstri og skipulagi forvara- og ráðgjafarteyminu Spretts sem starfrækt er á fjölskyldusviði í nánu samstarfi með fræðslunefnd.

### **5. Málefni fatlaðra**

- Ábyrgð á málefnum fatlaðra og samráð við önnur sveitarfélög og yfirvöld í málaflokknum.

### **6. Barnaverndarþjónusta**

- Nefndin fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

### **7. Íþróttar og æskulýðsmál**

- Fer með hlutverk æskulýðsnefndar samkvæmt æskulýðslögum nr. **70/2007**.
- Ber ábyrgð á hagkvæmri og hámarks nýtingu íþróttamannvirkja, í samræmi við markmið í rekstri þeirra.
- Fer með rekstur og þjónustu félagsmiðstöðva.
- Annast tengsl við íþróttafélög og önnur frjáls félagasamtök sem vinna að æskulýðs- og íþróttamálum.
- Fer með ábyrgð á þjónustusamningum við íþróttafélög og eftirfylgni þeirra.
- Auglýsir og úthlutar styrkjum til íþróttar- og æskulýðsmála.
- Ber ábyrgð á störfum ungmenningaráðs í samræmi við ákvæði 11. gr. æskulýðslaga nr. **70/2007**. Hlutverk þess er m.a. að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarféluginu.

- Leggur fram tillögur og er ráðgefandi aðili, varðandi akstur vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar í sveitarféluginu.
- Leggur fram tillögur er varðar skipulag og uppbyggingu Vinnuskóla ungmenna í sveitarféluginu.

## **8. Fræðslu og menntamál**

- Vinnur að samstarfi menntastofnana í sveitarféluginu.
- Stuðlar að samstarfi skólastiga í sveitarféluginu og samstarfi og samþættingu starfs tónlistarskóla með þeim.
- Annast samskipti við Skólaskrifstofu Austurlands og önnur fræðsluyfirvöld. Samkvæmt samningi um Skólaskrifstofu Austurlands skal bæjarstjóri sitja í stjórn skrifstofunnar. Staðgengill bæjarstjóra er varamaður hans í stjórn.
- Framfylgir fræðslustefnu og endurmetur hana að jafnaði tvisvar á kjörtímabili.

## **9. Leikskólamál**

- Fer með hlutverk leikskólanefndar samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla og hefur umsjón með framkvæmd laganna.
- Hefur samráð við starfsmenn leikskóla og fulltrúa foreldra.
- Hefur eftirlit með starfsemi leikskóla og vinnur að samræmingu leikskólastarfs í sveitarféluginu.

## **10. Grunnskólamál**

- Fer með verkefni grunnskólanefndar samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 og hefur umsjón með framkvæmd laganna vegna grunnskóla Fjarðabyggðar.
- Staðfestir skólanámsskrá og starfsáætlun skóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008.
- Hefur samráð við skólastjóra grunnskóla, starfsmenn grunnskóla og fulltrúa foreldra um skólastarfið, skólaráð og nemendaráð hvers grunnskóla eftir því sem við á.
- Hefur umsjón með málefnum skóladagheimila í Fjarðabyggð.

## **11. Málefni framhaldsskóla- og háskóla**

- Hefur samráð við menntamálaráðuneytið og önnur fræðsluyfirvöld um starfsemi á framhalds- og háskólastigi.
- Hefur umsjón með samstarfssamningum sveitarfélagsins við framhaldsskóla.
- Vinnur að eflingu og þróun mennta- og rannsóknarstarfsemi á háskólastigi í Fjarðabyggð.
- Fer með ábyrgð á símenntun og fullorðinsfræðslu af hálfu Fjarðabyggðar.

## **12. Málefni tónlistarskóla**

- Hefur umsjón með starfsemi tónlistarskóla í Fjarðabyggð og með framkvæmd laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

*Laga- og reglurammi*  
4. gr.

Fjölskyldunesfnd skal í störfum sínum fylgja almcnnum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnumörkun bæjarstjórnar
- Mannauðsstefnu
- Jafnréttisstefnu
- Innkaupareglum
- Forvarnaráætlun Fjarðabyggðar
- Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar

Pá skal nefndin fylgja eftir samþykktum, reglum og gjaldskrám settum af bæjarstjórn og varða málefni á verksviði nefndarinnar.

*Skipan*  
5. gr.

Nefndin er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmögum til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málauflokka. Slíkum nefndum og híópum skal setja crindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils nefndarinnar. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir nefndina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

*Verkstjórн og verkaskipting*  
6. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaufloknum.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á verksviði hennar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

*Boðun funda og fundarsköp*  
7. gr.

Nefndin heldur að jafnaði þrjá fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stjórnendur barnaverndar og félagsþjónustu og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa



fyrirvara, og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Sviðsstjóri, eða staðgengill hans, skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelni og tillögurétti. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent til bæjarráðs að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð sviðsstjóra eða staðgengils hans.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

#### *Samráð*

9. gr.

Nefndin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum nefndarinnar. Auk lögbundins samráðs skal nefndin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

#### *Fjármál*

10. gr.

Nefndin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra ásamt stjórnendum barnaverndar og félagsþjónustu að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun nefndarinnar. Nefndin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður nefndar og sviðsstjóri kynna bæjarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

#### *Ráðningar*

11. gr.

Bæjarráð ræður sviðsstjóra að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

## *Fullnaðaraafgreiðsla mála*

12. gr.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir eru eftirfarandi:

- Í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. einnig ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 75/2016, eru ákvarðanir fjölskyldunefndar varðandi réttindi og skyldur skjólstæðinga nefndarinnar fullnaðarákvarðanir.

Fjölskyldunefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórн og fundarsköп Fjarðabyggðar:

- Afgreiðsla og ákvarðanir um styrki, fyrirgreiðslu og stoð- og stuðningsþjónustu til einstaklinga, samkvæmt reglum staðfestum af bæjarstjórn.
- Rckstrar- og þjónustusamninga við félög eldri borgara, enda scu þeir innan fjárheimilda nefndarinnar.

Fjölskyldunefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 2. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slikum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

## *Málsmeðferð*

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að lögum sem um velferðarþjónustu gilda, sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína og málskotsrétt, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórн Fjarðabyggðar og fundarsköп bæjarstjórnar.

Samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 26. mars 2024.



Jóna Arný Þórdóttir

bæjarstjóri